

Umsókn um leiðslu/vinnu á vegsvæði



Útfyllist af umsækjanda:

Eigandi leiðslu:

Nafn:	Kennitala:
Aðsetur:	Sími:

Umboðsmaður leiðslueiganda/verktaki:

Nafn:	Kennitala:
-------	------------

Umsókn vegna framkvæmda við:

Síða 1/2

<input type="checkbox"/> Síma	<input type="checkbox"/> Rafmagn	<input type="checkbox"/> Vatn	<input type="checkbox"/> Ljósleiðara	<input type="checkbox"/> Hitaveitu	<input type="checkbox"/> Skólþ	<input type="checkbox"/> Annað
<input type="checkbox"/> Nýlögð	<input type="checkbox"/> Endurnýjun	<input type="checkbox"/> Færslu	<input type="checkbox"/> Annað			
Þverun vegar:	<input type="checkbox"/> Undir	<input type="checkbox"/> Yfir	<input type="checkbox"/> Meðfram			

Staðsetning leiðslu:

Skilyrði Vegagerðarinnar:

Um leiðsluna og merkingar á verkstað gilda: „[Reglugerð nr. 492/2009](#)“, Reglur um leiðslur á vegsvæðum (sjá bakhlið), og „[Reglur um vinnusvæðamerkingar](#)“. Skal verktaki leggja fram áætlun um merkingar, til samþykktar og tilnefna ábyrgðarmann, sem sótt hefur viðurkennt námskeið um umferðarmerkingar á vinnusvæðum.

Ábyrgðaraðili merkinga:

Sími:

Áætlaður verktími:

Fylgiskjöl:

- Merkingaplan
- Verklýsing, uppdráttur

Reglur um leiðslur á vegsvæðum

1) Reglur um leiðslur og vinnu við leiðslur á vegsvæði

- Reglur þessar ná yfir leiðslur yfir, undir eða meðfram þjóðvegum, sem samkvæmt [32. gr.] vegalaga [nr. 80/2007] má aðeins leggja með samþykki Vegagerðarinnar (Vg.) og leiðslur sem vegarlagning hefur áhrif á.
- Með orðinu leiðsla er átt við hvers konar útbúnað sem þarf aðkoma fyrir vegna lagningar leiðslu, þ.e. leiðslan sjálf og einnig t.d. skurðir, stólpur og festingar vegna slíks útbúnaðar. Reglurnar ná yfir loftlínur sem og jarðlagningar, hvort heldur um er að ræða búnað til rafmagns-, fjarskipta-, vökvu eða annars flutnings. Reglurnar taka til leiðslna í einkaeign sem og leiðslna í eigu opinberra aðila.
- Þjóðvegir samkvæmt reglum þessum eru vegir samkvæmt skilgreiningu [8. gr.] vegalaga [nr. 80/2007]. Orðið vegsvæði nær yfir það landsvæði, sem tilheyrir veginum samkvæmt [8. tll. 3. gr.] vegalaga auk annars svæðis, sem er í eignarhaldi Vg. vegna vegarins.
- Sækja skal fyrirfram um leyfi, á þar til gerðu eyðublaði, til þess að leggja leiðslu á vegsvæði og skal nákvæmur uppdráttur af fyrirhugaðri legu leiðslu fylgja umsókn. Vg. áskilur sér rétt til að setja reglur um tæknilega útfærslu og hefur eftirlit með vinnu á vegsvæði. Um merkingu vinnusvæðis og öryggisráðstafanir, skal fara eftir „Reglugerð nr. 492/2009“ og nýjustu útgáfu af „Reglur um vinnusvæðamerkingar“. Vg. getur sett nánari skilyrði fyrir vinnu við leiðslur á vegsvæði.
- Eigandi leiðslu, sem sótt hefur um og fengið leyfi til að leggja leiðslu á vegsvæði er ábyrgur fyrir öllum kostnaði við framkvæmdina.
- Leiðslur á vegsvæði skulu lagðar þannig að þær torveldi ekki rekstur og viðhald vegarins eftir lög þeirra.
- Eigandi leiðslu ber allan kostnað af viðhaldi hennar. Ef viðhald leiðslu hefur í för með sér vinnu á vegsvæði skal sækja um leyfi til Vg.
- Eigandi leiðslu á vegsvæði ber ábyrgð á öllu tjóni þ.m.t. rekstrartjóni, sem rekja má til leiðslunnar, hvort sem tjónþoli er Vegagerðin, leiðslueigandi eða þriðji aðili.
- Leyfishafi er ábyrgur fyrir gæðum og viðhaldi á verkum sínum í tvö (2) ár eftir að framkvæmdum líkur.
- Eftirlitsmaður Vg. mun gera úttekt á merkingum vinnusvæðis. Sé einhverju ábótavant við merkingar verða reiknuð út féviti sem leyfishafi skuldbindur sig að greiða veghaldara samkvæmt fyrirfram skilgreindri úttektar- og reikniáðferð
- Tilkynna ber Vegagerðinni um verklok og óska eftir úttekt á gæðum og frágangi.

2) Flutningur og endurnýjun leiðslu

- Eigandi leiðslu ber ábyrgð á öllum kostnaði við flutning leiðslu og tilheyrandi mannvirkja á vegsvæði, hvort sem það stafar af breytingum á leiðslu eða vegi. Eigandi leiðslu ber ábyrgð á öllum kostnaði þegar færsla leiðslunnar hefur í för með sér vinnu á vegsvæði. Slíka vinnu má aðeins framkvæma samkvæmt leyfi frá Vg. Þar sem þjóðvegur liggur um þéttbýli gildir [18. gr.] vegalaga [nr. 80/2007] um meðferð kostnaðar vegna flutnings á leiðslum, sem til eru komnar vegna þéttbýlisins.
- Þegar vegur er lagður við, yfir eða undir fyrirbyggjandi leiðslur greiðir Vg. aukakostnað ef framkvæmdin torveldar framtíðarvinnu við leiðsluna eða ef breyting á vegi leiðir til þess að nauðsynlegt er að flytja leiðslur utan vegsvæðis.
- Þegar breyting á vegi hefur í för með sér flutning á leiðslu, möstrum eða öðrum mannvirkjum, sem að hluta til eru utan vegsvæðis og að hluta til innan vegsvæðis, skiptist kostnaðurinn milli eiganda leiðslunnar og Vg. í hlutfalli við flutta lengdarmetra leiðslu innan/utan vegsvæðis.
- Þegar Vg. ber ábyrgð á kostnaði við breytingar á legu leiðslu o.fl. samkvæmt reglum þessum er heimilt að leggja nýja leiðslu, ef flutningur hefur í för með sér mikinn kostnað. Ábyrgð Vg. á kostnaði við nýbyggingu leiðslna minnkar í samræmi við ástand og afskriftartíma fyrirbyggjandi leiðslu.

Síða 2 / 2

3) Ýmsar reglur

- Reglurnar ná yfir allar leiðslur sem eru í eða á vegsvæði við gildistöku þeirra, hvort heldur Vg. hefur gefið leyfi fyrir þeim eða ekki, og leiðslur sem vegagerð hefur framvegis áhrif á eða sem óskað er eftir að verði lagðar í vegsvæði.
- Við flutning leiðslu, ber sá sem hefur hag af flutningnum ábyrgð á öllu tjóni sem af flutningnum hlýst samkvæmt gildandi reglum um skaðabætur.
- Verði nauðsynlegt að færa leiðslu vegna framkvæmda við veginn skal eiganda hennar og öðrum sem málið varðar, tilkynnt fyrirfram um framkvæmdina, svo framarlega sem það er hægt.
- Í sérstökum tilvikum getur Vg. veitt undanþágu frá reglunum um kostnaðarábyrgð eigenda leiðslu, vegna framkvæmda á vegsvæði við flutning leiðslu.
- Reglur þessar taka þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi almennar reglur í fyrri heimildum um lagningu leiðslna í vegsvæði. Afturköllunin gildir ekki fyrir sérstök ákvæði slíkra heimilda.

Staður:

Dagsetning:

Undirrituð/-aður, f.h. umsækjanda, staðfestir hér með að hafa kynnt sér allar fyrrgreindar reglur og skilyrði og að þeim verði fylgt í hvívetna.

Vegagerðin

Fyrir hönd leiðslueiganda

Fyrir hönd Vegagerðarinnar

Útfyllist af Vegagerðinni:

Vegnúmer	Kaflanúmer	Vegheiti	Byrjunarstöð	Endastöð

Önnur skilyrði: